

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Reykjavík 11. september 2020  
UST202009-082/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Svínárnes í Hrunamannahreppi**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hrunamannahrepps er barst 7. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Svínárnes í Hrunamannahreppi.

Í greinargerð kemur fram að í dag er þar 50 m<sup>2</sup> skáli, 20 m<sup>2</sup> skáli og 104 m<sup>2</sup> hesthús. Tillagan gerir ráð fyrir að afmarkaðir verði tveir byggingareitir, um 20 m frá bakka Svínár, þar sem heimilt er að byggja allt að 10 hús innan byggingareita og heimiluð gisting í húsum fyrir allt að 85 gesti. Hámarksstærð hvers húss getur verið allt að 100 m<sup>2</sup> og hámarks byggingarmagn 950 m<sup>2</sup>. Auk þess er heimilt að vera með tjaldsvæði og veitingarekstur.

### **Ásýnd og rask**

Umhverfisstofnun tekur undir að tillagan geti haft neikvæð áhrif á gróður og dýralíf. Þar sem tillagan gerir ráð fyrir töluverðum framkvæmdum á óröskuðu landi er mikilvægt að halda raski í lágmarki.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að allar byggingar falli vel að svipmóti og einkenni lands eins og kostur er. Í umfjöllun um umhverfis- og menningargæði í landsskipulagsstefnu segir að mikilvægt sé að huga að ásýnd og yfirbragði nýrra mannvirkja í dreifbýli og hvernig þau falla að umhverfi sínu. Einstök mannvirki geta orðið áberandi í landi því að oft sést vítt yfir til sveita.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna vegna slíkra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis.“

### Óbyggð víðerni

Í greinargerð kemur fram að uppbyggingin og umsvif af starfseminni eru það umfangsmikil að líklegt er að það raski víðernum. Umhverfisstofnun tekur undir að þar sem tillagan gerir ráð fyrir töluverðum framkvæmdum geti hún haft neikvæð áhrif á óbyggð víðerni.

Í 3. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, þar sem fjallað er um verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni, segir í e. lið. 1. mgr: „*Til að stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags skal stefnt að því að standa vörð um óbyggð víðerni landsins.*“


Samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 60/2013 eru óbyggð víðerni skilgreind sem svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km<sup>2</sup> að stærð, eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja, og í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflínum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni hvernig hún samræmist 3. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 og það komi fram með skýrum hætti í tillögunni hver stefna sveitarfélagsins er varðandi verndun óbyggðra víðerna í sveitarfélaginu.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson  
sérfræðingur